



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

**Sjálfsmatsskýrsla**  
**Menntaskólans við Sund**  
**skólaárið**  
**2010 - 2011**

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	3
<b>1. Almennar upplýsingar</b> .....	4
1.1. Markmið.....	4
1.2. Nemendur.....	5
1.3. Starfsfólk.....	5
<b>2. Aðgerðaáætlun og mat á henni</b> .....	6
2.1. Meginmarkmið.....	6
2.2. Bæta upplýsingastreymið.....	7
2.3. Efla heilbrigðisvitund.....	9
2.4. Auka áhuga, virkni og ábyrgð nemenda .....	10
2.5. Nýta sjálfsmat til skólaþróunar .....	13
<b>3. Kannanir</b> .....	14
3.1. Nemendakönnun .....	15
3.2. Starfsmannakönnun.....	16
3.3. Mat á stjórnendum MS.....	19
<b>4. Námsárangur nemenda</b> .....	19
4.1. Heildarútkoman.....	19
4.2. Miðannarmat .....	21
4.3. Umræður um töluleg gögn um námsárangur .....	21
<b>5. Hlustað á raddir nemenda</b> .....	22
5.1. Fundur með bekkjartenglum.....	22
5.2. Sjálfsmat nemenda - miðannarmat.....	23
<b>6. Námssamfélag starfsmanna</b> .....	24
6.1. Breytingastofa .....	24
6.2. Endurmenntun.....	25
6.3. Þróunarverkefni.....	26
6.4. Árangurstenging launa .....	28
<b>Lokaorð</b> .....	28
<b>Heimildir</b> .....	30

## Inngangur

Hingað til hefur MS gefið út sjálfsmatskýrslu árlega í mars sem náð hefur yfir almannaksárið en nú verður því breytt og framvegis mun sjálfsmatskýrslan koma út í október og ná til skólaársins á undan. Í þessari ársskýrslu sem nær yfir skólaárið 2010-2011 eru því upplýsingar um sjálfsmat á haustönn 2010 að hluta til endurtekning á því sem kom fram í sjálfsmatskýrslu fyrir árið 2010.

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi framhaldsskóla og kveðið er á um það í skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við MS (Skólasamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund, 2009). Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er nú gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Ennfremur er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt, sjá mynd 1. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll að umbótastarfi skólans og markmiðið er að nýta menningu og mannauð hans til að móta sjálfsmatsaðferðir MS.

### Sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára - Tímaáætlun

Sjálfsmatsþáttur	Vorönn 2011	Haustönn 2011	Vorönn 2012	Haustönn 2012	Vorönn 2013	Haustönn 2013
Aðgerðaáætlun skólans						
Sjálfsmatsáætlun skólaárs						
Nemendakönnun						
Starfsmannaviðtöl rektors						
Starfsmannakönnun						
Mæt á stjórnendum						
Tölfræði um námsárangur nemenda						
Sjálfsmat nemenda						
Sjálfsmat nemenda-stöðumat í 2. bekk						
Starfendarannsókn						
Breytingastofa						
Fundur sjálfsmatsþóps með bekkjartengjum						
Fundur stjórnenda með nemendum						
Fundur stjórnenda og kennara faggreina						
Starfshópar um þróun skólastarfs						

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS.

Skólaárið 2010 - 2011 var Ósa Knútsdóttir fagstjóri í dönsku verkefnisstjóri sjálfsmats. Starfshópur um sjálfsmat skóla stýrir sjálfsmatsvinnunni en í honum eru verkefnisstjóri, konrektor, 2-4 fulltrúar kennara og 2-3 fulltrúar nemenda. Verkefnisstjóri stýrir fundum sjálfsmatshópsins, ritar fundargerðir og ritar árlega skýrslu um starf hópsins (Knútsdóttir, 2010). Skólaárið 2010 - 2011 skipuðu starfshópin auk Ósu Knútsdóttur þau Ileana Manolescu, fagstjóri í stærðfræði, Oddgeir Eysteinnsson, íslenskukennari, Silke Waelti þýskukennari, Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor og fulltrúar nemenda þau Hilmar Freyr Kristinsson 3. G, Bára Sif Magnúsdóttir 3. G og Úndína Ýr Þorgrímsdóttir 2. S. Sjálfsmatshópurinn hélt alls sex fundi á skólaárinu, þrjá á hvorri önn. Á síðasta fundinn komu tveir gestir, dr. Penny Lizi við fylkisháskólann í Connecticut í USA og dr. Sigurlína Davíðsdóttir við Háskóla Íslands og var rætt um sjálfsmatsaðferðir í MS. Í nokkur ár hefur MS, ásamt nokkrum öðrum framhaldsskólum, verið í samstarfi við þær Penny og Sigurlínu. Á haustönn var áherslan á nemendakönnun, þá nýjung að halda fund með bekkjartenglum og skýrslugerð um mat á tilraun um lotunám, sjá nánari upplýsingar í matsskýrslu um tilraunina (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2010c) og skýrslu um vinnu við kerfisbreytingar til lotubundins bekkjarkerfis (Már Vilhjálmsson, 2010). Á heimasíðu MS er að finna yfirlit yfir sjálfsmat í MS og hverjir sjá um það. [Sjálfsmat.](#)

## **1. Almennar upplýsingar**

### **1.1. Markmið**

Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli með bekkjarkerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs á þremur brautum, málabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut samkvæmt skólasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Tvö síðustu skólaár hafa nemendur þó ekki verið innritaðir á málabraut. Það er markmið skólans að bjóða

nemendum góða þjónustu og fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut þeir eru. Þá leggur skólinn sérstaka áherslu á að vera í fremstu röð hvað varðar náttúrufræðikennslu. Markmiðum sínum ætlar skólinn að ná með því að virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna og leggja áherslu á góða kennslu og fjölbreytta kennsluhætti. [Sjá nánar um áherslupætti skólans á heimasíðu MS.](#)

## **1.2. Nemendur**

Á haustönn 2010 voru nemendur samtals 799, 403 piltar og 396 stúlkur. Skipting á námsbrautir var þannig að 68 nemendur voru á málabraut, 367 á félagsfræðabraut og 364 á náttúrufræðibraut. Brotthvarf milli anna var 23 nemendur eða 2,9% sem skiptist nokkuð jafnt á milli félagsfræða- og náttúrufræðibrautar.

Vorið 2011 útskrifuðust 127 stúdentar frá MS, þar af 71 stúlka og 56 piltar, einn nemandi hætti áður en stúdentsprófin hófust. Samtals útskrifuðust 16 nemendur af málabraut, 63 af félagsfræðabraut og 48 af náttúrufræðibraut. Dúx skólans var Sigrún Tómasdóttir með 9,8 í aðaleinkunn og semidux var Egill Ingi Jacobsen með 9,2 í aðaleinkunn og þau voru bæði nemendur á eðlisfræðikjörsviði náttúrufræðibrautar.

Nánari upplýsingar um skiptingu nemenda eftir bekkjum, námsárum, kjörsviðum og kyni er að finna á heimasíðu MS (Heimasíða Menntaskólans við Sund, 2011).

## **1.3. Starfsfólk**

Skólaárið 2010 – 2011 var starfsfólk samtals 65, þar af 36 konur og 29 karlar. Kennarar voru alls 52, en aðeins 49 kennarar voru virkir þar sem einn var í námsleyfi, einn í veikindaleyfi og einn í launalausuleyfi. Tveir aðrir kennarar fóru í veikindaleyfi hluta annar og voru ráðnir afleysingakennarar fyrir þá. Á þjónustusviði eru samtals þrettán starfmenn, þar af níu konur og fjórir karlar. Stjórnendur eru þrír,

námsráðgjafar tveir, á bókasafni starfa tveir, á skrifstofu þrír og umsjón með húsnæði hafa þrír. Starfsmenn eru mjög vel menntaðir, af 65 starfsmönnum eru fimm með doktorspróf, tuttugu með MA/MS, níu með diploma umfram BA/BS, tuttugu og sex með BA/BS, tveir iðnmeistarar og þrír með grunnmenntun. 34 af 65 starfsmönnum eða 52% hafa framhaldsmenntun úr háskóla en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands höfðu 21% starfsmanna framhaldsskóla það 2009-2010 (Hagstofa Íslands, 2011).

## 2. Aðgerðaáætlun og mat á henni

### 2.1. Meginmarkmið

Árlega setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem tilgreint er að hvaða markmiðum skuli stefnt á skólaárinu og til hvaða aðgerða skuli grípa til að ná settum markmiðum. Skólaárið 2010 til 2011 var unnið að eftirfarandi meginmarkmiðum undir yfirskriftinni **skólasókn skilar þér áfram**:

1. Bæta upplýsingastreymi
2. Efla heilbrigðisvitund
3. Auka áhuga, virkni og ábyrgð nemenda
4. Nýta sjálfsmat til skólaþróunar

Þrír starfshópar voru starfandi innan MS á skólaárinu þ.e. sjálfsmatshópur, starfendarannsóknarhópur og vinnuumhverfisnefnd auk lögbundinna nefnda þ. e. skólanefndar og skólaráðs. Í hópunum eru fulltrúar kennara og í sumum þeirra eru einnig fulltrúar nemenda en hóparnir eru undir stjórn verkefnisstjóra. Að auki störfuðu verkefnastjórar án hópa að ýmsum verkefnum þ.e. endurmenntunarstjóri, tveir félagsmálafulltrúar, forvarnarfulltrúi, hirðmeistari útskriftar, jafnréttisfulltrúi, tækjastjóri, tölvuumsjónarmaður, verkefnisstjóri með

Námsnetinu, verkefnisstjóri um erlent samstarf og verkefnisstjóri um umsjón í 1. bekk.

Hér á eftir verður lýst til hvaða aðgerða var gripið til að ná settum markmiðum aðgerðaáætlunarinnar.

## **2.2. Bæta upplýsingastreymið**

Til að bæta upplýsingastreymið var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Auka samstarf stjórnenda og fagstjóra
- Fjölga fagstjórafundum

Þetta var gert með því að fjölga reglulegum fagstjórafundum þar sem stjórnendur, sviðstjórar og fagstjórar funda um ýmis fagleg málefni, úr tveimur í sjö á skólaárinu. Skjalasafn var opnað á Námsnetinu þar sem fundargerðir, samningar, ýmsar kynningar og leiðbeiningar eru birtar til upplýsingar fyrir allt starfsfólk skólans. Lögð var áhersla á að auka upplýsingastreymi með tölvupósti til starfsfólks og á Námsneti og auglýsingaskjá til nemenda.

- Útbúa kennarahandbók

Stjórnendur og sviðstjórar unnu markvisst að gerð handbókar fyrir starfsfólk og er hún nú tilbúin til útgáfu og verður fljótlega sett á skjalasafnið á Námsnetinu og á kennarasvæðið í tölvukerfi skólans.

- Gefa Ratsjá út sem heildstætt PDF skjal

Unnið var að þessu verki en ekki tókst að ljúka því og stefnt að því að verkinu verði lokið á skólaárinu 2011-2012.

- Auka samráð við nemendur m.a. með skólafundum

Tveir skólafundir eru haldnir reglulega á skólaárinu með öllu starfsfólki og stjórn nemendafélagsins. Einnig halda félagsmálafulltrúar reglulega fundi hálfsmánaðarlega með forystusveit nemendafélagsins. Ennfremur hélt sjálfsmatshópur fund með bekkjartenglum, sjá nánar í kafla 5 í þessari skýrslu.


- Auka samstarf við Foreldrafélag MS

Samstarfið hefur verið sett í það form að kennslustjóri er tengiliður skólans við foreldrafélag MS. Stjórn foreldrafélagsins kynnti starf foreldrafélagsins á fundi MS með foreldrum nemenda í 1. bekk. Foreldrafélagið á fulltrúa í skólanefnd MS. Foreldrafélagið stóð fyrir gönguferð nemenda og starfsmanna MS á Esjuna.

Ein af ástæðum þess að sérstök áhersla var lögð á að bæta upplýsingastreymið var sú að í starfsmannakönnun vorið 2010 kom fram að aðeins 26% starfsfólks var frekar eða mjög ánægð með upplýsingastreymið í skólanum en 38% starfsfólks var frekar eða mjög óánægð með það. Vorið 2011 hafði staðan breyst nokkuð eins og mynd 2 sýnir því þá voru 48% starfsfólks frekar eða mjög ánægð með upplýsingastreymið og 30% frekar eða mjög óánægð með upplýsingastreymið.



**Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með  
upplýsingastreymið innan MS á þessu skólaári?  
Samanburður 2010 og 2011**



Mynd 2: Viðhorf starfsfólks MS til upplýsingastreymis í MS vor 2010 og vor 2011

### 2.3. Efla heilbrigðisvitund

Til að efla heilbrigðisvitund var áhersla lögð á eftirfarandi aðgerðir:

- Áhersla á heilbrigði í öllu skólastarfi
- Hvetja til heilbrigðra lífshátta

Þátttaka MS í verkefningu heilsueflandi framhaldsskóli var undirbúin af stjórnendum og bakhóp sem stýrt var af vinnuumhverfisstjóra. Í lok skólaársins var ákveðið að ráða sérstakan verkefnisstjóra um átakið heilsueflandi framhaldsskóli sem standa mun yfir frá 2011 til 2015. Samningar við rekstraraðila mótuneytis starfsmanna og nemenda voru teknir upp og endurskoðaðir með tilliti til framboðs, heilbrigðis og hollustu. Haldinn var fræðslufundur fyrir starfsfólk um næringu.

- Stuðla að almennri vellíðan

Sett var viðbragðsáætlun um einelti og rektor og konrektor ræddu við nemendur um einkenni og áhrif eineltis í heimsóknum sínum í 2., 3. og 4. bekki skólans.

- Draga úr fordómum gagnvart geðsjúkdómum með aukinni upplýsingagjöf

Þessu verkefni var frestað.

- Átakið hjólað í vinnuna

Þátttaka í átakinu hjólað í vinnuna er orðinn fastur liður í starfi MS, þrír hópar tóku þátt og nutu þeir sérstaks stuðnings stjórnenda skólans.

- Lífshlaupið

Mikil þátttaka var meðal starfsfólks MS í lífshlaupinu og var þátttakendum umbunað með viðurkenningaskjölum og hópurinn sem náði bestum árangri fékk afhentan glæsilegan farandbikar til varðveislu í eitt ár.

- Þjóða nemendum hafragraut í morgunmat

Skólinn bauð nemendum upp á hafragraut án endurgjalds við góðar undirtektir nemenda en töluverðan kostað fyrir skólann.

#### **2.4. Auka áhuga, virkni og ábyrgð nemenda**

Til að auka áhuga, virkni og ábyrgð nemenda var ákveðið að beina athyglinni að eftirfarandi aðgerðum:


- Efla námshæfni nemenda

Námsráðgjafar stóðu fyrir námskeiðum fyrir nemendur um námsaðferðir og héldu prófkvíðanámskeið bæði á haustönn og vorönn.

- Stuðla að aukinni skólasókn nemenda

Kennslustjóri stóð fyrir sérstöku átaki til að auka skólasókn skólaárið 2010-2011 og vann hún starfendarannsókn sína í tengslum við það átak. Í starfendarannsókninni skoðaði hún viðhorf til nýrrar reglu um raunmætingu í MS. Hún skrifaði ýtarlega skýrslu um

starfendarannsóknina og er hún á heimasíðu MS. Þar segir m.a. „Leita þarf fleiri leiða til að fá nemendur til að mæta betur. Í haust var gert hringiátak sem fólst í því að í nokkra daga var hringt heim til allra nemenda sem ekki voru mættir í fyrstu kennslustund dagsins og leitað skýringa á fjarvistunum. Einnig var samstarf kennslustjóra og umsjónarkennara um eftirlit með mætingu útfært nánar en verið hefur undanfarið. Samstarf við foreldra nemenda undir átján ára hefur vaxið ár frá ári undanfarið og er það áhrifaríkt“ (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011, bls. 21). Eins og sést á mynd 3 var 80% starfsfólks mjög eða frekar ánægð með eftirlit með skólasókn á skólaárinu 2010-2011.



**Mynd 3: Viðhorf starfsfólks MS til eftirlit með skólasókn vor 2011.**

- Kynna skólasóknarreglur fyrir nemendum


Skólasóknarreglur voru sendar heim til nýnema í upphafi skólaársins og kennslustjóri fór í 1. bekkina og kynnti sérstaklega skólasóknarreglur og raunmætingu. Rektor og konrektor ræddu einnig um skólasókn við nemendur í heimsóknnum sínum í alla bekki skólans.

- Nýta Námsnetið enn betur

Átak var gert undir stjórn verkefnisstjóra með Námsnetinu og bar það árangur því eins og mynd 4 sýnir þá jókst notkun kennara á Námsnetinu frá því á næsta skólaári á undan. Þeim sem nota Námsnetið

lítið eða ekkert fækkaði úr 27% í 12% og fjölgaði þeim úr 24% í 31% sem nota það nokkuð og úr 49% í 56% sem nota það mjög mikið.

**Hversu mikið eða lítið hefur þú notað Námsnetið á þessu skólaári? Samanburður 2010 og 2011**



**Mynd 4: Notkun kennara á Námsnetinu vor 2010 og vor 2011.**

- Hafa stöðumat í 1. og 2. bekk á haust- og vorönn

Stöðumat eða miðannarmat var nú bæði á haustönn og vorönn og voru upplýsingar afhentar nemendum og sendar bréflega heim til forráðmanna nemenda undir 18 ára aldri. Sú nýbreytni að hafa stöðumat einnig á vorönn fékk jákvæðar undirtektir starfsfólks. Sjá nánar í kafla 5.2. hér í skýrslunni.

- Stuðla að breyttum vinnubrögðum endurkomunemenda

Kennslustjóri og námsráðgjafar stóðu fyrir átaki um stóraukið utanumhald um endurkomunemendur. Það var þó ekki mælanlegur árangur af átakinu en áfram reyndist aðeins um þriðjungur endurkomunemenda standast námskröfurnar til að flytjast upp um bekk. Í lok skólaársins var ákveðið að reyna enn frekari aðgerðir og láta endurkomunemendur undirrita samning og setja sér markmið með náminu á næsta skólaári. Benda má á að ýmsir félagslegir erfiðleikar fylgja því að vera endurkomunemandi í bekkjarkerfi.

## **2.5. Nýta sjálfsmat til skólaþróunar**

Á sviði sjálfsmats var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Matshópur starfi áfram

Sjálfsmatshópur skipaður starfsfólki og nemendum starfaði áfram, sjá nánar í inngangi skýrslunnar.

- Þróa Námsnetið fyrir viðhorfskannanir


Þetta tókst í samstarfi við Stúdíu ehf. Nú taka bæði nemendur nemendakönnunina og aðrar kannanir á Námsnetinu og starfsfólk svarar starfsmannakönnun og mati á stjórnendum á Námsnetinu. Niðurstöður birtast einnig á Námsnetinu.

- Leggja nemendakönnun fyrir í nóvember

Það var gert, sjá umfjöllun um niðurstöður í kafla 3.1. í þessari skýrslu.

- Þróa áfram starfendarannsóknir/starfsrýni

Starfendarannsóknarhópurinn vann að sérstöku þróunarverkefni, Breytingastofu, frá 2009-2011. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sjá nánari umfjöllun í kafla 6.1. í þessari skýrslu og sjá lokaskýrslu til Sprotasjóðs, kennarasögur, kynningar og fleiri gögn á heimasíðu MS. [MS - Breytingastofa](#). Í starfsmannakönnun vorið 2011 voru viðhorf starfsmanna til starfendarannsókna í MS könnuð og kom í ljós, sjá mynd 5, að 80% starfsmanna telja að starfendarannsóknir hafi haft mjög eða frekar jákvæð áhrif á skólastarfið og aðeins 3% að þær hafi haft neikvæð áhrif. Í sömu könnun kom fram að 54% starfsmanna sögðust hafa breytt starfsaðferðum sínum í kjölfar kynningar á starfendarannsóknum í MS.



**Mynd 5: Viðhorf starfsfólks MS til starfendarannsókna í MS vor 2011.**

- Starfsmannaviðtöl rektors

Starfsmannaviðtöl voru við nýja starfsmenn á vorönn 2010 og einnig starfsmenn í tveimur faggreinum. Starfsmenn eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, þar sem þeir lýsa meðal annars helstu styrkleikum og veikleikum sínum í starfi og benda á það sem betur má fara, áður en viðtal fer fram. Í starfsmannaviðtölum ræðir rektor við starfsmenn um líðan, starfsaðstæður og árangur í starfi.

- Endurskoða sjálfsmatsáætlun

Í fyrsta skipti var gerð sjálfsmatsáætlun til þriggja ára 2011-2013 og verður hún endurskoðuð árlega, [sjá heimasíðu MS](#).

- Funda með bekkjarfulltrúum nemenda

Sjálfsmatshópur tók upp þá nýjung á haustönn 2010 að funda með öllum bekkjartenglum og ræða um stólastarfið í MS, styrkleika og það sem betur má fara. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.1. í þessari skýrslu.

### 3. Kannanir

### **3.1. Nemendakönnun**


Könnun á gæðum náms og kennslu var lögð fyrir alla nemendur skólans í nóvember 2010. Könnunin var lögð fyrir nemendur á Námsnetinu, innra námskerfi skólans. 619 nemendur svöruðu könnuninni eða 77% nemenda skólans. Heildarniðurstöður úr nemendakönnunum eru kynntar á heimasíðu skólans. Niðurstöður hvers kennara eftir bekkjum og samanburður við árgang og heildina eru opnar á Námsnetinu fyrir hvern kennara eftir annarlok. Næsta nemendakönnun verður í nóvember 2011.

Kennarahópurinn kemur mjög vel út úr nemendakönnunum og hefur einnig gert það á undanförunum árum. Heildarmeðaltalið haustið 2010 er 3,9 á skala þar sem 1 er lægst og 5 er hæst eins og sést á mynd 6. Þeir þættir sem fá hæsta meðaltalið eru stundvísi, undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir og viðmót kennarans gagnvart nemendum. Lægsta meðaltalið fá kennarar fyrir fjölbreytni í kennsluaðferðum, samráð við nemendur um kennsluaðferðir og hve vel tekst að vekja áhuga nemenda. Það má þó benda á að allir þessir þættir hafa hækkað um 0,2 frá 2004 til 2010 eins og sést á mynd 7 hér að neðan sem sýnir samanburð á nokkrum þáttum við niðurstöður fyrri ára.



## Niðurstöður nemendakönnunar MS haustönn 2010

619 af 799 eða 77% nemenda tók þátt



Mynd 6: Niðurstöður nemendakönnunar MS haustönn 2010.

Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaáætlun hvers árs. Einnig eru niðurstöður nemendakönnunar nýttar sem grunnur í starfsmannaviðtölum rektors við kennara.

## Samanburður á völdum spurningum milli ára

Niðurstöður nemendakönnunar Samanburður 1999 - 2010	Meðal- tal 1999	Meðal- tal 2004	Meðal- tal 2005	Meðal- tal 2006	Meðal- tal 2007	Meðal- tal vor 2008	Meðal- tal haust 2008	Meðal- tal vor 2009	Meðal- tal haust 2009	Meðal- tal haust 2010
Undirbúningur kennarans fyrir kennslustund	3,9	4,1	4,2	4,1	4,2	4,2	4,2	4,2	4,1	4,1
Stjórn kennarans á bekknum	3,5	3,7	3,8	3,7	3,8	3,9	3,9	3,9	3,9	3,9
Samráð kennara við nemendur um kennsluaðferðir	3,3	3,6	3,6	3,5	3,5	3,5	3,6	3,7	3,6	3,7
Hvernig kennaranum tekst að vekja áhuga nemenda	3,2	3,5	3,6	3,6	3,6	3,5	3,7	3,7	3,7	3,7
Stundvísi kennarans	4	4,2	4,3	4,3	4,3	4,2	4,3	4,3	4,3	4,3
Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar	3	3,4	3,4	3,4	3,5	3,5	3,6	3,6	3,6	3,6
Heildin, meðaltal allar spurningar	3,5	3,8	3,9	3,8	3,8	3,9	3,9	3,9	3,9	3,9

Mynd 7: Samanburður á niðurstöðum valdra spurninga í nemendakönnun 1999-2010.

## 3.2. Starfsmannakönnun


Á starfsdögum vorannar 2011 var árleg könnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans. Þar voru könnuð viðhorf þeirra til skipulags skólastarfsins, nýjunga í starfinu, vinnuaðstæðna og starfsanda,



stefnumótunar og framtíðarsýnar. Samtals tóku 39 starfsmenn eða 60% þátt í könnuninni sem lögð var fyrir á Námsnetinu, innra kerfi skólans á starfsdegi þann 25. maí 2011. Heildarniðurstöður könnunarinnar voru kynntar af sjálfsmatsstjóra á skólafundi í upphafi haustannar 2011.

Meðal styrkleika má nefna að 81% telja samstarfsfólkið oft eða mjög oft jákvætt og hvetjandi, sjá mynd 8. Þetta hlutfall var sama í fyrra en það var ennþá hærra tvö árin þar á undan eða um 90%.


### Mér finnst samstarfsfólkið jákvætt og hvetjandi



Mynd 8: Viðhorf starfsfólks MS til samstarfsfólks síns vor 2011

Árið 2011 töldu 78% starfsmanna starfsandann góðan/notalegan frekar eða mjög oft eins og sést á mynd 9. Þetta er sama hlutfall og árið 2010 en árin 2008-9 var þetta hlutfall hærra eða 92-95%. Árin 2005-7 var þetta hlutfall um 75% en 2004 67% þannig að viðhorf starfsfólks til þess hversu oft starfsandinn er góður er nokkuð breytilegt á milli ára.


### Mér finnst starfsandinn í MS góður/notalegur



Mynd 9: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2011

Í starfsmannakönnun 2010 kom fram óánægja með mötuneyti starfsmanna. Starfsfólk mötuneytisins var upplýst um þessa niðurstöðu haustið 2010 og rætt um ákveðnar breytingar á matseðlinum. Starfsmannakönnun vorið 2011 sýndi breytingu í jákvæða átt eins og sést á mynd 10. Hlutfall óánægðra fækkaði úr 66% í 41%, hlutfall ánægðra fjölgaði úr 19% í 30% og hlutlausum úr 16 í 30%. Enn frekari breytingar eru fyrirhugaðar á framboði mötuneytisins skólaárið 2011-2012 í tengslum við verkefnið heilsueflandi framhaldsskóli.

### Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með mötuneyti starfsmanna MS í vetur? Samanburður 2010 og 2011



Mynd 10: Viðhorf starfsfólks MS til mötuneytis starfsmanna vor 2010 og vor 2011.

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 hefur verið mikill niðurskurður í framhaldsskólum og sér ekki fyrir endann á því þar sem flatur 2%

niðurskurður er boðaður á næsta ári. Ein af afleiðingum niðurskurðarins er krafa um betri nýtingu sem þýðir fjölgun nemenda í bekkjum og öllum valgreinum í MS. Í starfsmannakönnun vorið 2011 kom fram að 53% starfsmanna telur að stækkun bekkja hafi haft frekar eða mjög mikil áhrif á starf sitt, sjá mynd 11. Þetta er áhyggjuefni og fróðlegt væri að skoða nánar hver áhrifin eru bæði á kennara og nemendur.



Mynd 11: Viðhorf starfsfólks MS til áhrifa stækkun bekkja vor 2011.

### 3.3. Mat á stjórnendum MS

Á starfsdögum vorannar 2011 var árleg könnun lögð fyrir starfsmenn MS þar sem þeim gafst kostur á að meta gæði stjórnunar í skólanum. Lagt var mat á störf rektors, konrektors og kennslustjóra. Könnunin var lögð fyrir á Námsnetinu og niðurstöður eingöngu birtar viðkomandi stjórnanda. Fyrstu 17 spurningarnar eru þær sömu fyrir alla og fjalla almennt um stjórnunaraðferðir og síðan koma 2 spurningar sem snúa sérstaklega að starfi viðkomandi stjórnanda.

## 4. Námsárangur nemenda


### 4.1. Heildarútkoman

Heildarmeðaltal einkunna í öllum áföngum á haustönn hefur verið það sama síðastliðin 4 ár þ.e. 6,5. Á haustönn var staðalfráviknið 1,8 og


dreifing einkunna í öllum áföngum var þannig að 7% fengu falleinkunn eða 1,0 til 3,5, 43% nemenda fengu einkunn 4,0 til 6,5 og 51% nemenda fékk einkunn 7,0 til 10.

Heildarmeðaltal einkunna í öllum áföngum á vorönn 2011 hækkaði í 6,6 úr 6,3 frá árinu á undan. Staðalfrávikkið vorið 2011 var 1,7 og dreifing einkunna í öllum áföngum var þannig að 5% fengu falleinkunn eða 1,0 til 3,5, 45% nemenda fengu einkunn 4,0 til 6,5 og 50% nemenda fengu einkunn 7,0 til 10.

Heildarhlutfall nemenda með fall í aðaleinkunn var nokkuð hærra á haustönn 2010 en undanfarin ár, en þá hækkan má rekja til aukins falls í efri bekkjunum því hlutfall nemenda með fall í aðaleinkunn í 1. bekk lækkaði á milli ára. Fall í aðaleinkunn var mun lægra í heildina á vorönn 2011 eða 9% en hafði verið 16% á haustönn. Skýringar eru m.a. þær að nemendur í efri bekkjunum tóku sig verulega á í náminu á vorönn, nokkrir nemendur sem höfðu fengið mjög slaka útkomu á jólaprófunum hættu í upphafi vorannar og aðaleinkunn nemenda á vorönn í 4. bekk er reiknuð út frá heildarnámsárangri á stúdentsprófum allan námsferilinn en á haustönn eingöngu út frá árangri í námsgreinum í 4. bekk. Meðfylgjandi súlurit á myndum 12 og 13 sýna dreifingu falls í aðaleinkunn eftir námsárum haustið 2010 og vorið 2011.



Mynd 12: Fall í aðaleinkunn eftir námsárum í MS haust 2010.



Mynd 13: Fall í aðaleinkunn eftir námsárum í MS vor 2011.

## 4.2. Miðannarmat

Um miðja haustönn 2010 og um miðja vorönn 2011 mátu kennarar stöðu nemenda í fyrsta og öðrum bekk. Niðurstaðan birtist í Innu undir miðannarmat og einnig fengu allir nemendur afhent stöðumatsblað (miðannarmatsblað). Forráðamenn ólögráða nemenda fengu þessar upplýsingar sendar heim bréflaga með hvatningu um að ræða um námið og námsárangurinn við sitt barn. Stöðumatinu er ætlað að hjálpa nemendum að glöggva sig á stöðu sinni þegar um miðja önn þannig að þeim gefist tækifæri til að bæta sig fyrir lok annarinnar. Árið 2011 var miðannarmatið í fyrsta skipti einnig haft á vorönn bæði vegna þess að ýmsir áfangar eru kenndir í eina önn og nemendur þá að hefja nám í sumum námsgreinum á vorönn og einnig er talið gott að gefa nemendum upplýsingar um miðja vorönn um hvort þeir séu að bæta sig í náminu frá því á haustönn.

## 4.3. Umræður um töluleg gögn um námsárangur

Í lok hvernar annar eru teknar saman niðurstöður (meðaltal, dreifing og staðalfrávik) um námsárangur nemenda í skólanum í heild, í hverjum námsáfanga, í hverjum bekk eftir námsgreinum og eftir kyni í hverjum námsáfanga. Einnig eru teknar saman tölur um fall í aðaleinkunn eftir

bekkjum og námsárum. Þessar niðurstöður voru ræddar á kennarafundum og fagfundum í janúar og maí 2011. Á fagfundum á starfsdögum vorið 2011 voru kennarar hvattir til að ræða eftirfarandi spurningar um námsmat og niðurstöður vorannarprófanna.

**Námsmat:**

1. Viljum við sækja um að hafa símat í námsgreininni?
2. Hvernig getum við aukið fjölbreytni í námsmati í námsgreininni á næsta skólaári?
3. Hvernig getum við aukið mat á vinnuframlagi og virkni nemenda í námsgreininni á næsta skólaári?

**Niðurstöður vorannarprófa:**

4. Hvernig er meðaltal og einkunnadreifing í greininni miðað við heildarniðurstöðurnar fyrir skólann?
5. Hvernig er meðaltal í greininni í ár miðað við meðaltal í greininni á síðustu árum?
6. Er meðaltal og einkunnadreifing í greininni mismunandi eftir námsbrautum, námsárum, bekkjum eða kennurum?
7. Þar sem mismunur kemur fram eða breytingar hafa átt sér stað er æskilegt að leitað sé skýringa á þeim.

Ennfremur ræddu kennarar niðurstöður haustannarprófa 2010 í sínum umsjónarbekk í byrjun vorannar 2011 og rektor og konrektor ræddu niðurstöðurnar við nemendur á 3. og 4. námsári á árlegum fundum sínum með hverjum bekk.

**5. Hlustað á raddir nemenda****5.1. Fundur með bekkjartenglum**


Á haustönn 2010 var tekin upp sú nýbreytni að sjálfsmatshópurinn hélt fund með bekkjartenglum MS. Bekkjartenglum allra bekkja var boðið á fund í fundargati á fimmtudegi kl. 11:15-11:55. Fundurinn var haldinn í stofum 13-14. Ósa Knútsdóttir, sjálfsmatsstjóri stýrði fundinum og Oddgeir Eysteinnsson, einn fulltrúa kennara í sjálfsmatshópnum ritaði fundargerðina en fundurinn var einnig tekinn upp á band. Rætt var um skólastarfið í MS, styrkleika og hvað má betur fara. Rætt var m.a. um

bekkjaraða, agamál, mótuneyti nemenda, bílastæði og þjófnaði. Nemendur gerðu góðan róm að þessari nýjung í starfi sjálfsmatshópsins og ákveðið að gera þetta aftur á næsta skólaári. Í kjölfarið funduðu stjórnendur um niðurstöðurnar og eftir áramótin fengu bekkjartenglar fundargerðina afhenta og bréf frá rektor þar sem hann fór yfir viðbrögð skólans við ábendingum nemenda á fundinum.

## 5.2. Sjálfsmat nemenda - miðannarmat

Sjálfsmat nemenda var lagt fyrir alla nemendur á öðru námsári samhliða miðannarmati eða stöðumati á haustönn 2010 og á vorönn 2011. Þetta var í fyrsta skipti sem miðannarmat var lagt fyrir á vorönn og gaf það góða raun og í starfsmannakönnun vorið 2011 kom fram að 75% starfsmanna voru frekar eða mjög hlynnt því að halda því áfram og aðeins 6% voru andvíg því, sjá mynd 14. Í miðannarmatinu meta nemendur stöðu sína í öllum námsgreinum á sama skala og kennarar nota við stöðumatið, eða Ó (ófullnægjandi), V (viðunandi), G (gott). Sjálfsmatið er birt á miðannarmatsblaðinu við hliðina á miðannarmati kennara í hverri námsgrein. Markmiðið með sjálfsmati er að auka meðvitund annars bekkinga um ábyrgð sína á náminu.

Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ertu því að halda áfram með stöðumat á vorönn í fyrsta og öðrum bekk?



Mynd 14: Viðhorf starfsmanna MS til þess að halda áfram með stöðumat á vorönn vor 2011.

## 6. Námssamfélag starfsmanna

### 6.1. Breytingastofa

Skólaárið 2010- 2011 starfaði einn 18 manna hópur um starfendarannsóknir og vann hann að sérstöku þróunarverkefni undir heitinu Breytingastofa sem hófst 2009. Þar fóru fram markvissar umræður um sögu kennsluhátta í MS, togstreitu og mótsetningar í kennsluháttum í nútímanum og framtíðarmöguleika í kennslu og námi í MS. Markmiðið var að finna út hvernig við getum bætt námsárangur og aukið fjölbreytni og sveigjanleika í kennslu og námi í MS. „Starfendarannsóknir þátttakenda beindust sérstaklega að því að þróa leiðir til að auka virkni nemenda í námi sínu og hlusta á raddir nemenda með það að markmiði að auka ábyrgð nemenda á námi sínu. Til að auka virkni nemenda reyndu kennarar að auka eignarhald nemenda á náminu t.d. með því að fá nemendur til að skapa eigið efni í verkefnavinnu, samvinnunámi, útbúa gagnabanka á innra námsneti skólans með efni nemenda og skrifa dagbækur. Einnig gerðu kennarar tilraunir til að auka námsvirknina með því að fara út fyrir landamæri kennslustofunnar t.d. með samstarfi við hjúkrunarheimilið Mörkina, vettvangsferðum, skólaheimsókn til Danmerkur og með því að útbúa samskiptasvæði á Fésbókinni. Kennarar prófuðu ýmsar leiðir til þess að hlusta á raddir nemenda með því að virkja hugmyndir þeirra í kennslunni t.d. með því að nota svör þeirra við nafnlausum spurningum sem kveikjur í umræðum, með því að fá nemendur sjálfa til að taka ákvörðun um samsetningu námsmats og auka áhrif þeirra á námsumhverfið í margvíslegri verkefnavinnu. Einnig leituðu kennarar í auknum mæli álits nemenda á náminu, kennsluaðferðum og ýmsum þáttum skólastarfsins með könnunum, viðtölum og umræðum“ (Hjördís Þorgeirsdóttir og Már Vilhjálmsson, 2011, bls. 7-8). Verkefnið var styrkt



af Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins. [Sjá nánar í lokaskýrslu til Sprotasjóðs.](#)

Markmið starfendarannsókna er að gefa fólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa starfshætti sína með því að gera rannsókn og ígrunda starf sitt. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og fundar með hópnum. MS-ingar hafa birt greinar um starfendarannsóknir sínar í tímaritinu Uppeldi, Skímu, Málfríði, Skólavörðunni og vef tímaritinu Netlu. Á haustönn 2010 kynntu fulltrúar frá MS starf hópsins á Menntakviku Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og grein um Breytingastofuna birtist í ráðstefnuriti Netlu 31. desember 2010 eftir Hjördísi Þorgeirsdóttur (2010a).

Faglegur ráðgjafi í starfendarannsóknum við MS er dr. Hafþór Guðjónsson dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ársskýrslur um starfið, skýrslur til Sprotasjóðs um Breytingastofuna, kynningar, kennarasögur og ýmsar aðrar upplýsingar um verkefnið eru á heimasíðu MS undir [fræðsluefni](#).

## **6.2. Endurmenntun**

Til að ýta undir faglegar umræður og starfsþróun starfsfólks eru haldnir fræðslufundir og örnámskeið um ýmis fagleg málefni. Fræðslufundir eru haldnir síðasta miðvikudag í hverjum mánuði yfir kennslutímamann. Á síðasta skólaári fjölluðu gestafyrirlesarar um einelti, rannsókn á líðan framhaldsskólakennara, næringu og sjálfbærni. Tveir umræðufundir voru haldnir þar sem starfsfólk sendi fyrirfram inn tillögur að umræðuefnum. Örnámskeið voru haldin um Námsnetið og tækin í fyrirlestrasalnum Bjarmalandi. Í hverri viku var boðið upp á 20 mínútna íhugun starfsfólks undir stjórn Sigurrósar Erlingsdóttur, kennslustjóra og stundum var einnig boðið upp á gönguslökun í Vogahverfi.

### **6.3. Þróunarverkefni**

Starfsfólk MS vinnur að ýmsum þróunarverkefnum til að bæta nám og kennslu í MS eins og sjá má á eftirfarandi yfirliti yfir þau verkefni sem unnið var að á síðasta skólaári. Þróunarverkefni sem byggja á þverfaglegu samstarfi hefur fjölgað mikið á síðustu árum, bæði þróun nýrra þverfaglegra valgreina og afmörkuð þverfagleg verkefni milli námsgreina þar sem nemendur flétta saman ólíkum námsgreinum í verkefnavinnu. Einnig hefur samstarf við grenndarsamfélagið aukist t.d. við Vogaskóla, Langholtsskóla og hjúkrunarheimilið Mörkina. Árlega veitir MS styrki til þróunarverkefna sem byggir á samkomulagi milli samstarfsnefndar félagsmanna KÍ og MS. og er úthlutað tvisvar á ári.

#### **Verkefni styrkt af Menntaskólanum við Sund skólaárið 2010-2011:**

1. Þróun valáfanga og verkefnatengt nám, París í samhengi sögunnar. Fanný Ingvarsdóttir, frönskukennari, Petrína Rós Karlsdóttir, frönskukennari og Brynja Dís Valsdóttir, sögukennari.
2. Samning námsefnis í umhverfiseðlisfræði. Rúnar Þorvaldsson, eðlisfræðikennari.
3. Þróun nýtingar Bjarmalands fyrir hlustunaræfingar og rafræn próf í dönsku. Pétur Rasmussen, dönskukennari.
4. Samning handbókar um Námsnetið, innra nets MS. Pétur Rasmussen, dönskukennari og verkefnisstjóri um Námsnetið.
5. Þróun aðferða til að virkja nemendur í eigin námi í þjóðhagfræði. Dóra K. Sigurðardóttir, hagfræðikennari.
6. Tilraun um verkefnatengt nám, samvinnu og virkni nemenda í málsögu og goðafræði í 2. bekk íslensku. Jóna G. Torfadóttir og Lilja Dögg Gunnarsdóttir, íslenskukennarar.
7. Þátttaka í evrópsku samstarfsverkefni sögukennara "Historiana". Lóa S. Kristjánsdóttir, sögukennari.
8. Þróun valáfanga um mannréttindi í sögu og samtíð. Clarence Glad, sögukennari og Margrét Haraldsdóttir, félagsfræðikennari.

9. Borgin okkar (Our unique free city). Undirbúningur þátttöku í evrópsku samstarfsverkefni á vegum Comeniusa, menntaáætlunar ESB. Brynja Dís Valsdóttir, sögukennari og Leifur Ingi Vilmundarson, félagsfræðikennari.

10. Þróun valáfanga, Berlín, mannlíf og menning. Guðmundur V. Karlsson, þýskukennari, Lóa S. Kristjánsdóttir, sögukennari, Sigmar Þormar, félagfræðikennari og Silke Waelti, þýskukennari.

11. Þróun valáfanga, Seinni heimstyrjöldin. Lóa S. Kristjánsdóttir, sögukennari.

12. Þróun valáfanga, Borgin eilífa. Samþætting kennslu í menningu, sögu og tungumálum. Brynja Dís Valsdóttir, sögukennari, Clarence Glad, sögukennari, Guðmundur V. Karlsson, þýsku- og ítölskukennari.

13. Verkefni í íslensku í samvinnu við Hjúkrunarheimilið Mörkina. Kynslóðir mætast og spjalla um sögur, ljóð og líf. Halla Kjartansdóttir, íslenskukennari.

15. Þverfaglegt samstarf um verkefni í félagsfræði og ensku í 2. bekk félagsfræðikjörsviðs. Sigmar Þormar, félagsfræðikennari og Sigrún B. Gunnarsdóttir, enskukennari

16. Þematengt þverfaglegt verkefnabundið nám í fjölmiðlafræði og ensku í 4. bekk hagfræðikjörsviði. Jóhann G. Thorarensen, enskukennari og Sigmar Þormar, félagsfræðikennari.

#### **Verkefni styrkt af Sprotasjóði hjá menntamálaráðuneytinu:**

17. Breytingastofa og starfendarannsókn í MS. Ráðgjafi: Hafþór Guðjónsson. Starfendarannsóknarhópur MS.

#### **Verkefni styrkt af Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum:**

18. Sjálfbærni og kennsla í lífsleikni. Sjöfn Guðmundsdóttir, fagstjóri í lífsleikni.

#### **Verkefni styrkt af Comeníus, menntaáætlun ESB:**

19. Borgin okkar (Our unique free city). Samstarfsverkefni með skólum á Tyrklandi, Spáni og Ungverjalandi. Leifur Ingi Vilmundarson, félagsfræðikennari og Brynja Dís Valsdóttir, sögukennari.

#### **Samstarfsverkefni með öðrum skólum:**

20. Sjálfsmat framhaldsskóla. Samstarf við MH, MR, MA og Flensborgarskólanum. Ráðgjafar: Penelope Lisi og Sigurlína Davíðsdóttir. Stjórnendur MS og sjálfsmatshópur MS.

21. Samstarf við Vogaskóla. Stjórnendur, stærðfræðikennarar, tungumálakennarar og fleiri kennarar í MS.

22. Samstarf við stærðfræðikennara við Langholtsskóla. Gísli Þór Sigurþórsson og Ágúst Ásgeirsson, stærðfræðikennarar.

#### **6.4. Árangurstenging launa**

Í stofnanasamningi MS og KÍ er ákvæði um árangurstengingu launa og er þetta ákvæði endurskoðað árlega. Markmiðin með árangurstengingu eru að efla faglegt starf, skerpa á sérhæfingu skólans, styrkja þverfagleg vinnubrögð, ýta undir nýsköpun í skólastarfi og bæta samkeppnisaðstöðu skólans. Hlutfall heildarlauna kennara sem verið hefur verið til þess að árangurstengja laun hefur verið um 3% á undanförunum árum. Úthlutað hefur verið án umsókna viðbótarþrepum sem byggja á niðurstöðum nemendakönnunar. Á grundvelli umsókna hefur verið úthlutað viðbótarþrepum á grundvelli þróunar- og nýbreytnistarfs og samstarfs við kennara. Einnig hefur ákveðinni upphæð verið varið ár hvert til að styrkja þróunarverkefni og er þeim úthlutað á grundvelli umsókna.

Á fundi samstarfsnefndar MS og félagsmanna KÍ í MS þann 22. maí 2009 var ákveðið að hætta að úthluta viðbótarþrepum á grundvelli nemendakönnunar (Fundargerð Samstarfsnefndar Menntaskólans við Sund og félagsmanna Kennarasambands Íslands í MS, 2009). Ástæðan var sú að vegna niðurskurðar fjárframlaga til skólans varð að minnka það fjármagn sem verið er til árangurstengingar launa og ákvað samstarfsnefndin að skera þann þátt af sem var umdeildastur innan kennarahópsins. Staðan var óbreytt skólaárið 2010 - 2011.

#### **Lokaorð**

Sjálfsmat er tæki til skólaþróunar og við leggjum áherslu á fjölbreyttar sjálfsmatsaðferðir, bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir með virkri

Þátttöku starfsfólks og nemenda. Að hluta til er sjálfsmatið í föstum skorðum en einnig eru nýjungar prófaðar til að þróa það áfram. Á haustönn 2010 var sú nýjung tekin upp að sjálfsmatshópurinn hélt bekkjartenglafund þ.e. fund með einum fulltrúa úr hverjum bekk til að ræða um styrkleika og það sem betur má fara í skólastarfinu. Sú nýjung fékk jákvæðar viðtökur og verður haldið áfram á næsta ári. Í þessari skýrslu er í fyrsta skipti reynt að fara yfir aðgerðaáætlun skólans og lýsa og meta hvernig til tókst. Skólinn þakkar mennta- og menningarmála-ráðuneytinu veittan styrk til þróunar skólastarfsins á skólaárinu 2010-2011. Sjálfsmatshópur og allir, bæði nemendur og starfsmenn MS sem tóku þátt í matinu á skólaárinu 2010 til 2011 fá bestu þakkir fyrir þátttöku í sjálfsmati í MS.

Reykjavík 3. nóvember 2011

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund

---

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor

## Heimildir

Fundargerð Samstarfsnefndar Menntaskólans við Sund og félagsmanna Kennarasambands Íslands í MS (2009). Menntaskólinn við Sund.

Hagstofa Íslands. 2011. Starfsfólk eftir kyni aldri stöðuhlutfalli og menntun 1999-2010.

Frá: <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Skolamal/Framhaldsskolar>

Heimasíða Menntaskólans við Sund (2011). Frá: <http://www.msund.is/>

Hjördís Þorgeirsdóttir og Már Vilhjálmsson. (2011). Breytingastofa og starfendarannsókn. Lokaskýrsla til Sprotasjóðs. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010a). Breytingastofa og starfendarannsókn í Menntaskólanum við Sund. Netla - veftímarit um uppeldi og menntun Ráðstefnurit Menntakvika 2010.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010b). Skýrsla um tilraun til lotunáms í MS skólaárið 2009-2010. Reykjavík: Menntaskólinn við Sund.

Már Vilhjálmsson. (2010). Skýrsla um vinnu við kerfisbreytingar í Menntaskólanum við Sund. Lotubundið bekkjarkerfi. Reykjavík: Menntaskólinn við Sund.

Ósa Knútsdóttir. (2010). Yfirlit yfir starf sjálfsmatshóps MS veturinn 2009-2010. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Ratsjá. Skólanámskrá Menntaskólans við Sund (2011). Frá <http://www.msund.is/page.asp?id=78&x=>

Sigurrós Erlingsdóttir. (2011). Raunmæting í MS. Starfendarannsókn um innleiðingu raunmætingar í náms- og vinnueinkunn nemenda. Reykjavík: Menntaskólinn við Sund.

Skólasamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund. (2009).